



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Númer: 23/2020

Dreifibréf til lánastofnana

Reykjavík, 7. júlí 2020

Tilvísun: 2005036

Efni: Framlenging á tímamörkum í viðmiðunarreglum EBA varðandi greiðslufrestanir á afborgunum lána sem eru framkvæmdar vegna COVID-19

Vísað er til dreifibréfs nr. 19/2020, varðandi viðmiðunarreglur EBA um greiðslufrestanir á afborgunum lána sem eru framkvæmdar vegna COVID-19 (EBA/GL/2020/02).

Líkt og fram kom í viðmiðunarreglum EBA/GL/2020/02 voru upphafleg viðmið varðandi tímamörk vegna greiðslufrestunar 30. júní sl., en með möguleikum á framlengingu m.t.t. þróun mála vegna COVID-19. Þann 25. júní sl. samþykkti EBA breytingar á viðmiðunarreglunum sem fólu í sér að heimilt er að framlengja tímamarkið allt til 30. september nk.

Fjármálaeftirlitið beinir því til lánastofnana að kynna sér ofangreinda breytingu á viðmiðunarreglum EBA á heimasíðu eftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni, eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar

SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík

www.seðlabanki.is ☎569 9600 fme@seðlabanki.is